

## **Fundargerð 34. fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 20. des. 2007**

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14.00-16.15

**Fundarmenn:** Hulda Ásgrímsdóttir, Jóhanna Diðriksdóttir, Ragna Steinarsdóttir (fundarritari) og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna.

### **1. Fundargerð 33. fundar** var samþykkt. Farið var yfir eftirtalin atriði í fundargerðinni:

- a) **Punktavandamál** er enn óleyst. Í flettilista höfunda birtist stundum punktur á eftir nafni þó svo enginn punktur sé í færslum. Sigrún mun hafa samband við kerfisskrifstofuna í Þýskalandi og leita lausna.
- b) **Greining útgáfuárs á bókum.** Þóra mun uppfæra skjalið með þeim breytingum skráningarráðs að heimilt sé að gera nýja færslu ef ISBN númer er ekki það sama og 5 ár eru liðin frá síðustu prentun í stað 10 ára áður. Þóra mun einnig senda tilkynningu á Vöndu.
- c) **Tiltektir í flettilistum yfir útgáfustað og útgefanda.** Ekki verður reynt að útdeila verkefnum á Vöndu að svo stöddu. Töluvert hefur þó verið lagað til, einkum í útgáfustöðum.
- d) **Landfræðiheiti,** tilvísanir milli íslenskrar og erlendar nafnmyndar. Ákvörðun var vísað til efnisorðaráðs.
- e) **Skráningarhópur um nótur.** Búið er að stofna hóp sem kalla þarf saman sem fyrst, því það eru margir að skrá á mismunandi hátt. Jóhanna hefur forgöngu um það.
- f) **Óvirkir tenglar.** Sigrún er með í athugun.
- g) **Skráning tímaritsgreina** – skipting milli safna. Hildur, Þóra og Hallfríður Kristjánsdóttir munu hittast í janúar og ræða málin. Færslusnið er ekki í lagi og erfitt hefur reynst að laga það. Kannski væri hægt að nota “laga færslu” keyrsluna á tímaritin, en fyrst þarf að setja upp keyrsluprógram. Á námskeiðinu var m.a. rætt um hvað af efni tímarita eigi að taka til skráningar.
- h) **Birting á leitarniðurstöðum +1000.** Ef fleiri en 1000 færslur finnast í leit, birtist elsta efnið, en nýtt efni hverfur. Í Reginu, Svíþjóð er þakið 5000, 2000 í Rex í Danmörku. SH skoðar takmarkanir.

**2. Skráning frummálstitla titilskráðra verka.** Lagt var fram skjal um breytta notkun á sviði 240. Frummálstitlar titilskráðra verka hafa fram að þessu verið settir í svið 130 eins og marksniðið gerir ráð fyrir, en verða framvegis skráðir í svið 240. Tillagan var samþykkt óbreytt. Þóra setur samþykktina á vef skráningarráðs.

**3. Skráning gagna á framandi tungumálum.** Samþykkt var tillaga um að gerðar yrðu safnfærslur fyrir efni með öðru letri en latínuletri. Þóra ræðir við Þóru Hólm hjá Skólasafnamiðstöð um færslur fyrir efni á víetnömsku sem fluttist úr Feng. Þóra sendir sömuleiðis tilkynningu á Vöndu um leið og hún sendir á vef skráningarráðs. Ragna býr til skráningarfærslur fyrir efnið í byrjun nýs árs.

**5. Punktavandamál.** Sigrún leggur vandamálið fyrir kerfisskrifstofuna í Þýskalandi.

## 6. Önnur mál

- a) Rætt var um að birta erindisbréf efnisorðaráðs og erindisbréf ábyrgðarmanna skráningarhópa á síðu skráningarráðs. Þóra tekur það að sér.
- b) Hulda vakti máls á álitamálum um formgreiningu á hljóðrituðu barnaefni sem er sambland af texta/leikriti og tónlist, t.d. þegar sögumaður les og sungið er með. Hvort er þetta tónlist (MU) eða hljóðbók (HB)? Dæmi um þetta efni er t.d. Skilaboðaskjóðan, Dýrin í Hálsaskógi, Gosi og Óvitar. Sumt kennsluefni fellur einnig í þennan flokk. Samþykkt var að Hulda tæki málið að sér..
- c) Jóhanna ræddi um framandi stafi, t.d. ü og pólska v-ið (l með striki). Character map í Windows er með mörgum þessum táknum, en spurningin er hvort óhætt sé að nota þau í Gegni. Dæmi er titillinn Jenufa með táknum sem flytjast skringilega úr OCLC. Sigrún athugar málið.
- d) Sigrún ræddi um sýndargrunn fyrir Námsritgerðir. Skiptar skoðanir eru um hvort þær eigi að vera í aðalrunni. Hildur spyr hvort hægt sé að undanskilja þær úr öllum leitum. Það gæti þyngt leitir til muna. Sýndargrunnur, eins og hann var uppsettur á upphafsárum Gegnis, ruglaði höfðalistann og ekki var hægt að sækja í höfðalista. Þetta kann að hafa breyst með tilkomu nafnmyndaskrár sem hugsanlega virkar bæði á raun- og sýndargrunn. Sigrún gerir tilraunir í prófunarumhverfinu.
- e) Þóra vakti máls á nauðsyn þess að einfalda ferlið við að eyða færslum þannig að ekki þurfi að eyða fyrst ADM færslum sérstaklega. Þetta er stillingaratriði og Sigrún skoðar málið.
- f) Nýja tölvan hjá Landskerfi bókasafna heitir Hulda og mun verða notuð til kennslu. Hinar vélarnar heita skáldanöfnum, þessi vísar í skáldkonuna Huldu. Tölvurnar í raunumhverfi heita Goethe og Blixen. Snorri og Alda eru í prófunarumhverfi. Laxness, Steinbeck og Beckett eru ekki í lengur notkun.

Fundi slitið kl. 16:15